



Formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar

Eining-Iðja
Skipagötu 14
600 Akureyri
s: 460 3600

Akureyri, 19. júní 2018

Efni: Réttindi tímavinnufólks

Eining-Iðja hefur í u.þ.b. tvö ár leitað svara hjá starfsmannasviði Akureyrarbæjar vegna túlkunar þess á ákvæðum gildandi kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands um tímavinnustarfsmenn hjá bænum, vegna ágreinings um matar- og kaffitíma starfsmanna sem ganga vaktir.

Sá háttur hefur verið á fyrirkomulaginu hjá Akureyrarbæ að tímavinnufólk á vöktum hefur ekki fengið að njóta matar- og kaffitíma til jafns á við annað vaktavinnufólk, sbr. 3 kafla kjarasamningsins. Vaktavinnufólk fær 25 mínútur greiddar í yfirvinnu fyrir hverja vakt vegna óreglulegra matar- eða kaffitíma, en tímavinnustarfmaður sem vinnur sömu vinnu fær ekki greidda yfirvinnu þrátt fyrir ákvæði kjarasamninga um greiðslu vegna vinnu í matar- og kaffitímum sínum.

Eining-Iðja vísaði málinu til samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands þar eð félagið taldi það mikilvægt að úr því yrði skorið hver réttur vaktavinnufólks í tímavinnu er hvað þetta varðar.

Á fundi nefndarinnar þann 17. ágúst 2017 var áréttaður sameiginlegur skilningur aðila þess efnis að 3. kafli kjarasamningsins gildir um tímavinnustarfsmenn í vaktavinnu. Eftirfarandi bar bókað í fundargerð fundarsins undir umræðum um þetta:

Neysluhlé starfsmanna sem ganga vaktir í tímavinnu

Fulltrúar SGS telja mikilvægt að tryggja jafnræði varðandi neysluhlé milli starfsmanna í vaktavinnu, þ.e. þeirra sem eru ráðnir í fast ráðningarhlutfall og fá greiddar 25 mínútur á hverja vakt vegna óreglulegra matar- og kaffitíma og þeirra sem ráðnir eru í tímavinnu.

Niðurstaða: Samstarfsnefndin áréttar sameiginlegan skilning að 3. kafli kjarasamningsins gildir um tímavinnustarfsmenn í vaktavinnu.

Hlutverk Sambands íslenskra sveitarfélaga er að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna m.a. á sviði starfsmanna- og kjaramála og skiptir þar miklu máli að sveitarfélögin fylgi sömu áherslum hvað varðar réttindi starfsmanna þeirra. Ennfremur er það markmið samstarfsnefndarinnar að útfæra ýmsa kjarabætti á samningstíma auk þess að leiða til lykta ágreiningsefni sem upp koma við framkvæmd samninga, en í nefndinni sitja fulltrúar frá sveitarfélögunum auk fulltrúa frá SGS.

Þrátt fyrir skýra niðurstöðu nefndarinnar hafa tímavinnustarfsmenn ekki fengið greitt í samræmi við framangreinda túlkun sem Eining-Iðja telur vera mismunun gegn tímavinnustarfsfólki.




Eining-Iðja telur mikilvægt að gott samstarf sé á milli Akureyrarbæjar og félagsins enda er um að ræða stærsta vinnustað bæjarins. Félagið átelur þá stjórnsýsluhætti sem starfsmannasvið Akureyrarbæjar hefur viðhaft í málinu hingað til og telur þá ekki samrýmast góðum stjórnsýsluháttum þar sem hvorki félagsmönnum né félaginu var svarað.

Þá harmar Eining-Iðja að Akureyrarbær skulu ekki virða sameignlega túlkun samstarfsnefndarinnar sem, líkt og að framan hefur verið rakið, gegnir því meginhlutverki að skera úr um ágreining vegna túlkunar á einstökum greinum kjarasamninga SGS og sveitarfélaganna.

Eining-Iðja fer þess á leit við bæjarráð að því verði svarað hvort að það sé opinber afstaða Akureyrarbæjarað virða ekki túlkun samstarfsnefndarinnar þó svo að niðurstaða hennar sé mjög skýr. Í kjölfar fyrirliggjandi afstöðu í garð tímavinnufólks liggur beinast við að spyrja hvort það sé stefna bæjarins að kljúfa sig út úr samstarfi Sambands íslenskra sveitarfélaga um kjara- og starfsmannamál.

Þess er vænst að erindi þetta verði tekið til formlegrar afgreiðslu bæjarráðs og undirrituðum gert viðvart um niðurstöðu þess, þegar hún liggur fyrir.

Undirritaður veitir allar frekari upplýsingar, verði eftir þeim leitað.


EINING-IÐJA
Kf 570599-2990
Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju

Meðfylgjandi gögn:

Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga af 45. fundi frá 17. ágúst 2017.

3. kafli kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands.

3 MATAR- OG KAFFITÍMI

3.1 MATAR- OG KAFFITÍMAR Á DAGVINNUTÍMABILI

- 3.1.1 Matartími skal vera á tímabilinu frá kl. 11:30 til 13:30. Matartími skal vera 60 mín. og telst ekki til vinnutíma.
- 3.1.2 Heimilt er að lengja, stytta eða fella niður matartíma með samkomulagi stofnunar og þeirra starfsmanna sem málið varðar.
- 3.1.3 Sé matartíma á dagvinnutímabili breytt samkvæmt grein 3.1.2 lýkur dagvinnutímabili þeim mun síðar eða fyrr. Séu matartímar lengdir samkvæmt grein 3.1.2 telst lengingin ekki til vinnutímans.
- 3.1.4 Á venjulegum vinnudegi skulu vera tveir kaffitímar 15 mínútur og 20 mínútur, og teljast þeir til vinnutíma.
- 3.1.5 Kaffitíma má lengja, stytta eða fella niður með sama hætti og matartíma.
- 3.1.6 Starfsfólk í mótuneytum hefur ekki reglubundin neysluhlé, en á rétt á að taka kaffihlé þegar aðstæður leyfa og 30 mínútna matarhlé sem telst til vinnutíma. Vegna takmörkunar á matartíma skal telja viðveru starfsmanna 30 mín. styttri en ella hefði verið. Kaffihlé miðað við fullt starf eru 35 mínútur og reiknast hlutfallslega fyrir hlutastarf.

3.2 MATAR- OG KAFFITÍMAR Í YFIRVINNU

- 3.2.1 Sé unnin yfirvinna, skulu vera matartímar, 1 klst. á tímabilinu kl. 19:00 - 20:00 að kvöldi, kl. 03:00 - 04:00 að nóttu og kl. 11:30 - 13:30 á frídögum skv. gr. 2.1.4. Matartímar þessir á yfirvinnutímabili teljast til vinnutímans.
- 3.2.2 Sé unnin yfirvinna eða aukavakt skulu kaffitímar vera kl. 17:00, 23:00 og kl. 05:00, 20 mínútur í hvert skipti og kl. 07:45, einn kaffitími í 15 mínútur. Kaffi- og matartímar í yfirvinnu á tímabilinu kl. 08:00 - 17:00 skulu vera þeir sömu og í dagvinnu.

3.3 VINNA Í MATAR- OG KAFFITÍMUM

- 3.3.1 Sé unnið í matartíma, þannig að matarhlé nái ekki fullum umsömdum tíma, skal matartíminn að sama hluta greiddast með yfirvinnukaupi.
- 3.3.2 Matar- og kaffitímar á yfirvinnutímabili sem unnir eru greiddast sem viðbót við yfirvinnutíma og auk þess kaffitímar í yfirvinnu, sé unnið að fremri mörkum þeirra.

3.4 FÆÐI OG MÖTUNEYTI

- 3.4.1 Starfsmenn sem eru við störf á föstum vinnustað skulu hafa aðgang að matstofu eftir því sem við verður komið. Matstofa telst sá staður í þessu tilvik, þar sem borinn er fram heitur og/eða kaldur matur, aðfluttur eða eldaður á staðnum. Húsakynni og aðstaða skulu vera í samræmi við kröfur viðkomandi heilbrigðisyfirvalda. Starfsmenn greiði efnisverð matarins, en annar rekstrarkostnaður greiðist af viðkomandi stofnun.
- 3.4.2 Á þeim vinnustöðum, þar sem ekki eru aðgangur að matstofu, sbr. grein 3.4.1, skal reynt að tryggja starfsmönnum aðgang að nærliggjandi mótuneyti á vegum viðsemjenda.